



Minnisblað

Móttakandi: Til sveitarstjórna og þeirra starfsmanna sveitarfélaga sem málið varðar

Dags.: 1. desember 2021

Sendandi: Sigurður Ármann Snævarr

Málsnr.: 2106040SA
Málalýkill: 01.21

Efni: Minnisblað um endurskoðaða þjóðhagsspá

Í reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagar nr. 1212/2015 segir í 17. gr.

Við vinnslu fjárhagsáætlunar skal stuðst við niðurstöður þjóðhagsspár Hagstofu Íslands þar sem við á.

Hagstofan gaf út þjóðhagsspá og var um hana fjallað í minnisblaði sambandsins til sveitarfélaga 13. ágúst sl. Þar kom einnig fram að hagstofa hygðist ekki senda frá sér endurskoðaða spá fyrr en 5. nóvember. Þessum áformum andmælti sambandið og benti á að sveitarfélögum sé skylt að leggja fram fjárhagsáætlanir fyrir 1. nóvember og samþykkja eigi síðar en 15. desember. Í fyrrnefndu minnisblaði var boðað að nýtt minnisblað skyldi sent út þegar ný þjóðhagsspá lægi fyrir. Fyrrnefnd andmæli sambandsins dugðu skammt og ákvað hagstofa að fresta útgáfu þjóðhagsspár um rúmlega 3 vikur eða til 30. nóvember.

Ný þjóðhagsspá

Helstu þættir í nýrri þjóðhagsspá hagstofu eru sýndir í töflu 1.

Tafla 1.

	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Einkaneysla	-3,0	3,8	4,9	3,2	2,7	2,6
Samneysla	4,5	2,4	1,3	1,2	0,9	0,4
Fjármunamyndun	-8,7	11,9	-3,2	4,7	1,5	3,0
Atvinnuvegafjárfesting	-14,1	19,4	-6,9	4,8	3,1	3,7
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	1,2	-8,4	4,9	8,7	3,5	3,3
Fjárfesting hins opinbera	-5,2	19,8	-1,4	-1,0	-6,8	0,4
Þjóðarútgjöld, alls	-2,2	4,8	2,3	2,9	1,9	2,1
Útflutningur vöru og þjónustu	-30,2	14,9	18,9	6,0	4,6	3,2
Innflutningur vöru og þjónustu	-22,5	17,4	10,9	6,5	4,0	2,9
Verg landsframleiðsla (hagvöxtur)	-6,5	3,9	5,3	2,8	2,3	2,3
Atvinnuleysi, % af vinnuaflí	6,4	6,5	5,3	4,8	4,5	4,2
Vísitala neysluverðs (verðbólga)	2,8	4,4	3,3	2,6	2,5	2,5
Kaupmáttur launa	3,4	3,4	1,5	1,5	1,7	1,7
Launavísitala	6,3	7,9	4,8	4,1	4,2	4,2

Horfur um hagvöxt hafa batnað

Hagsvaxtarspár fyrir árið í ár og næstu ár hafa orðið bjartsýnni eftir því sem á árið hefur liðið. Júnispá Hagstofu Íslands hljóðaði upp á 2,6% hagvöxt 2021, en endurskoðuð spá hljóðar upp á 3,9%. Hagstofa hefur einnig endurskoðað spá sína um hagvöxt 2022 uppá við og spáir 5,3% hagvexti í stað 4,8% og horfur til ársins 2023 eru óbreyttar. Aðrir spámenn eru á svipuðu róli og hagstofa eins og tafla 2 sýnir.

Tafla 2

Hagvöxtur, %	2021	2022	2023
Íslandsbanki	4,2	3,6	3,0
Landsbanki	5,1	5,5	1,7
Seðlabanki	3,9	5,1	2,6
Hagstofa	3,9	5,3	2,8
Meðaltal haustspáa	4,3	4,9	2,5

Betri horfur um hagvöxt má meðal annars rekja til væntinga um loðnuvertíðina og hækkandi álverðs.

Það gildir um þessa hagsvaxtarspá eins og aðrar spár að ýmislegt getur orðið með öðrum hætti en ætlað er. Heimsfaraldur Covid-19 er auðvitað helsta áhættan og mikið er undir varðandi ferðapjónustuna og alþjóðaviðskipti.

En horfur um verðbólgu hafa versnað.

Í júní sl. spáði Hagstofa að verðbólga yrði 3,2% í ár en endurskoðuð spá hljóðar upp á 4,4% verðbólgu. Hagstofa spáir að verðbólga 2022 verði 3,3% og 2,6% 2023 sem er svipað og í júnispánni. Í töflu 2 eru nýlegar spár dregnar saman.

Tafla 3

Verðbólga, %	2021	2022	2023
Íslandsbanki	4,4	3,0	2,5
Landsbanki	4,4	3,5	2,7
Seðlabanki	4,2	2,8	2,6
Hagstofa	4,4	3,3	2,6
Meðaltal haustspáa	4,4	3,2	2,6

Full ástæða er til að benda á ýmsar hættur sem hæglega geta kollvarpað þessum spám og ýmsar vísbendingar eru um að tilfærðar verðbólguþspár séu í bjartsýnni kantinum. Covid-19 kemur hér aftur við sögu. Faraldurinn hefur haft veruleg áhrif á framleiðslu- og samgöngukerfi heimsins, leitt til verulegra flöskuhálsa víða með hættu á verðhækkunum. Að undanfögnu hefur verðbólgan verið leidd af hækkun húsnæðisverðs. Þrátt fyrir hækkun vaxta og aukinna krafna seðlabanka um greiðslugetu og skuldabyrði kaupenda bendir margt til að húsnæðisverð muni halda áfram að hækka. Landsbankinn reiknar í sinni spá með að húsnæðisverð hækki í ár um 14%, 9% á því næsta og loks um 4% árið 2023.

Íslandsbanki reiknar með minni hækkunum, 11,9% í ár, 6,9% 2022 og 3,4% 2023. Loks má minna á að kjarasamningar á almennum markaði, lífskjarasamningarnir, renna út 1. nóvember á næsta ári.

Kjarasamningar milli sambandsins og allra félaga kennara renna út í lok árs 2021 en við flesta aðra hópa 1. mars 2023.

Atvinnuleysi gengur niður

Atvinnuleysi mun ganga hraðar niður skv. endurskoðaðri spá en fyrri spá. Hagstofan gerir nú ráð fyrir að atvinnuleysi í ár verði 6,5% í stað 7,8% í júní spánni. Atvinnuleysi næsta árs spáir hagstofan að verði 5,3% en í fyrri spá 6,4%.

Tafla 4

Atvinnuleysi, % af vinnuafli	2021	2022	2023
Íslandsbanki	7,6	4,3	3,7 Skráð
Landsbanki	7,7	4,7	4,1 Skráð
Seðlabanki	7,9	8,1	5,3 Skráð
Seðlabanki	6,4	6,5	5,4 VMK
Hagstofa	6,5	5,3	4,8 VMK

Athygli skal vakin á því að ýmist er atvinnuleysi metið eftir skráningu Vinnumálastofnunar eða vinnumarkaðskönnun hagstofu. Viðskiptabankarnir horfa í sínum spám til fyrrnefnds mats en hagstofa til hins síðarnefnda. Seðlabanki birtir spár eftir báðum þessum mælikvörðum og eins og taflan sýnir er skráð atvinnuleysi allajafnan meira en kannað.

Launahækkarnir

Launahækkarnir samkvæmt launavísitölu hafa legið á bilinu 6-7% mörg undanfarin ár. Það hefur reynst erfitt að spá fyrir um þróun launavísitölu og spár jafnan í lægri kant. Í ár gerir hagstofa ráð fyrir 7,9% hækkun og að hækkunin verði 4,8% á næsta ári og 4,1% árið 2023.

Tafla 5

Launavísitala, % br. f.f. ári	2021	2022	2023
Íslandsbanki	8,2	4,4	4,4
Landsbanki	7,9	6,8	5,8
Hagstofa	7,9	4,8	4,1
Meðaltal haustspáa	8,0	5,3	4,8

Útsvarsstofn

Á grundvelli þjóðhagsspár hagstofu hefur fjármálaráðuneytið metið vænta hækkun tekjuskatts/útsvarsstofns á næstu árum eins og sýnt er í töflu 6.

Tafla 6

	2021	2022	2023	2024	2025
Hækkun útsvarsstofns, %	8,1	7,0	5,5	5,2	5,0

Endurskoðun leiðir til heldur meiri hækkunar stofnsins árið 2022, 7% í stað 6%. En á móti er hækkun næstu ára á eftir metin íviði minni en í fyrri áætlun.

Í þessu sambandi er líka rétt að benda á veflíkan Analytica um þróun útsvarsstofns. Líkanið er í stöðugri þróun og sviðsmyndagreiningin hefur verið eflað.

Til athugunar

Að lokum skal minnst á tvennt. Annars vegar er rétt að benda á breytingu meðferð byggðasamlaga í samanteknum reikningskilum í reglugerð nr. 1212/2015 sem gefin var út 15. febrúar sl. Þessi breyting virðist hafa farið framhjá mörgum en hefur töluverð áhrif á fjárhagsáætlun og ársreikning. Í 20. gr. reglugerðarinnar segir:

Byggðasamlög sveitarfélags skulu í samanteknum reikningsskilum meðhöndluð á sama hátt og fyrirtæki sveitarfélags þó þannig að notast skal við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélagsins í byggðarsamlaginu við færslu eigna, skulda, tekna og gjalda í samanteknum reikningsskilum. Ákvæðið á við um hlutfallslega ábyrgð sama hversu mikil hún er.

Hins vegar skal vakin athygli á að fyrir dyrum mun standa að gera breytingar á reglugerð nr. 391/1998 um reikniforsendur við tryggingafræðilega úttektir sem óhjákvæmilega mun hafa áhrif á mat á lífeyrisskuldbindingu. Breytingin felur í sér nýjar dánar- og eftirlífendatöflur (líftöflur) sem leiða mun til hækkunar lífeyrisskuldbindinga. Hún mun einnig hafa áhrif á tryggingafræðilegt mat á stöðu lífeyrisaukasjóðs lífeyrissjóðsins Brúar, en skv. samþykktum sjóðsins skal staða hans metin fyrir árslok 2021. Óvíst er hvenær þessi reglugerðarbreyting mun koma til framkvæmda.

SAS

